



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN



Landlæknisembættið
Sóttvarnalæknir

STÖÐUSKÝRSLA - JANÚAR 2010

VIÐBRÖGÐ VEGNA HEIMSFARALDURS INFLÚENSU (H1N1)

Allan síðari helming ársins 2009 hafa starfsmenn sóttvarnalæknis og fulltrúar almannavarnadeildar verið önnur vegna inflúensufaraldurs en önnur bylgja hans náði hámarki í viku 43 eða um miðjan október. Fyrstu tilfelli inflúensu A(H1N1)v 2009 greindust í maí og júní og varð vægur inflúensufaraldur um sumarið og fram á haust eða þar til í október en þá náði inflúensan mikilli útbreiðslu. Að minnsta kosti tvö dauðsföll voru vegna inflúensunnar og mikið álag var um tíma á gjörgæsludeildir sem og aðrar deildar heilbrigðisstofnana. Frá 23. september – 9. nóvember 2009 voru um 180 einstaklingar lagðir inn á sjúkrahús vegna gruns um inflúensu eða staðfestrar inflúensu og voru langflestir lagðir inn á Landspítala eða um 133 manns. Þann 1. nóvember voru 45 sjúklingar inniliggjandi á Landspítala vegna inflúensu A(H1N1), þar af 11 á gjörgæslu (www.landspitali.is). Heilsugæslustöðvar um allt land voru undir miklu álagi og mikil þörf var fyrir símaþjónustu. Læknavaktin fjölgaði bæði hjúkrunarfræðingum og læknum á vakt í 43.-46. viku. Meðan inflúensufaraldurinn stóð sem hæst voru vikulegir símafundir sóttvarnalækna og lögreglustjóra og var þeim fundum stýrt frá Samhæfingarstöðinni í Skógarhlíð. Í júlí og ágúst vann almannavarnadeildin að áætlanagerð og einnig var unnið að gerð svæðisáætlana í öllum sóttvarnaumdæmum landsins. Var þeirri vinnu lokið í byrjun september og eru þær unnar í samræmi við Landsáætlun vegna inflúensufaraldurs. Hver svæðisáætlun inniheldur upplýsingar um nauðsynlega starfsemi innan hvers sóttvarnasvæðis og leiðir til styrktar þeirri starfsemi.

Staða inflúensufaraldurs í heiminum þann 31. desember 2009 var á þann veg að um 13 000 manns höfðu sannanlega látist vegna H1N1 inflúensu og í haust hefur inflúensan verið í sókn í Evrópu og Suður Ameríku. Síðustu vikur ársins fór tíðni vaxandi í Austur Evrópu en minnkaði að sama skapi í Vestur Evrópu (www.ecdc.eu).

Allan síðari helming ársins 2009 var Landsáætlun vegna inflúensufaraldurs virkjuð á hættustigi.

Upplýsingar um verkefni í þriðju aðgerðalotu 10. júlí – 31. desember 2009.

- **Gerð viðbragðsáætlana.** Almannaþingardeildin vann í samvinnu við sóttvarnalækni almennt sniðmát sóttvarnaáætlana sem vistað er á www.influensa.is. Í samvinnu við Menntamálaráðuneyti var gerð sóttvarnaáætlun fyrir skóla landsins og einnig voru unnar sóttvarnaáætlanir fyrir ráðuneytin í samvinnu við Forsætisráðuneytið og ríkislögreglustjóra. Lokið var gerð svæðisáætlana á öllum sóttvarnasvæðum. Einstök fyrirtæki og stofnanir hafa unnið að gerð sinna áætlana allt síðasta ár, fjölmörgum er lokið og má nefna að öll ráðuneytin hafa lokið gerð sinna áætlana vegna sóttvarna og órofsins reksturs.
- **Miðlun upplýsinga til almennings.** Miðlun upplýsinga til almennings var eitt af lykilverkefnum og frá 10. júlí – 31. desember voru 57 skráðar fréttatilkynningar á www.influensa.is og inn á vefsíðuna voru settar inn mikilvægar upplýsingar til almennings og var ákveðinn hluti þessa efnis í boði á erlendum tungumálum. Sóttvarnalæknir og starfsfólk hans veitti fjölmörg viðtöl í fjölmiðlum en kapp var lagt á að miðla upplýsingum með öllum tiltækum ráðum. Haldnir voru blaðamannafundir eftir þörfum. Mjög mikið álag var við símsvörun hjá starfsfólki sóttvarnalækna allan tímann vegna símhringinga almennings og stofnana sem óskuðu ráðgjafar. Bæklingur um ráðleggingar vegna inflúensu, annar í röð bæklinga, var gefinn út þann 24. júlí og bar nafnið: **Munum eftir inflúensunni: ráðleggingar um smitvarnir.** Honum var dreift um landið í 50 þúsund eintökum en fjórum sinnum þurfti að bæta við upplagið vegna mikillar eftirspurnar. Í september var gefið út veggspjald með upplýsingum um helstu smitvarnir. Var því dreift til aðgerðastjórna um allt land sem síðan dreifðu því innan sinna sóttvarnasvæða. Símaþjónusta var aukið í samvinnu við Læknavaktina.
- **Miðlun fræðslu til viðbragðsaðila.** Á vegum sóttvarnalækna voru haldnir fjölmargir fræðslufundir, þar á meðal fyrir heilbrigðisstarfsfólk, starfsfólk skóla, starfsmenn upplýsingasímans 1717, starfsfólk Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og miðlað var fræðslu til þeirra sem stóðu fyrir fræðslu til annarra. Í samvinnu við sýkingavarnasérfræðinga á Landspítalanum og í Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins var unnið að gerð myndbanda um framkvæmd sóttvarna í klínísku starfi á sjúkrahúsum og í heilsugæslu en þau verða gerð aðgengileg á upplýsingasíðunni www.influensa.is Landsbjörg miðlaði fræðslu til sinna félagsmanna með því að bjóða tveggja tíma fyrirlestur um smitvarnir og hlutverk björgunarsveita í inflúensufaraldri. Mikil upplýsingamiðlun fór fram með tölvupósti til viðbragðsaðila og upplýsingar á www.influensa.is voru uppfærðar eftir þörfum.

- **Samráðsfundir.** Sóttvarnalæknir hélt vikulega samráðsfundi með stjórnendum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og stjórnendum Landspítalans auk daglegs sambands við alla sóttvarnalækna út um land með tölvupósti.
- **Vöktun og greining inflúensutilfella.**
 - Greining á rannsóknarstofu: Sóttvarnalæknir kom til leiðar að keypt var nýtt tæki til greiningar á inflúensuveirunni á rannsóknarstofu Landspítalans í veirufræði. Mikið álag var á rannsóknarstofunni seinni helming júlí og fyrri hluta ágúst eða þar til búið var að staðfesta útbreiðslu inflúensunnar héraendis en eftir það var dregið úr sýnatöku. Í október þegar inflúensan náði mikilli útbreiðslu barst mikill fjöldi sýna og var hátt hlutfall sýna sem send voru vegna öndunarferasýkinga jákvætt fyrir inflúensu A(H1N1)v 2009. Þegar dró úr fjölda inflúensulíkra einkenna í nóvember dró jafnframt úr sýnafjölda og hlutfall A(H1N1) jákvæðra sýna fór lækkandi. Flestir greindust með staðfesta inflúensu um miðjan október.
 - Klínísk vöktun á einkennum inflúensu: Á vegum sóttvarnalæknis var hannað nýtt upplýsingasöfnunarkerfi sem fólst í að persónugreinanlegar upplýsingar um einkenni inflúensu bárust rafrænt og sjálfvirkt frá öllum heilsugæslustöðvum, heilbrigðisstofnunum og sjúkrahúsum innan sólarhrings eftir að læknar staðfestu inflúensugreiningu í sjúkraskrá. Fjöldi einstaklinga með inflúensulík einkenni náði hámarki á höfuðborgarsvæðinu um miðjan október og viku seinna á landsbyggðinni en í nóvember dró hratt úr faraldrinum.
 - Innlagdir á sjúkrahús: Vöktun á innlögnum vegna inflúensu A(H1N1)v 2009 var unnin í samvinnu við sjúkrahúsin. Langflestir bráðveikir einstaklingar voru lagdir inn á Landspítala og þurfti stórt hlutfall þeirra meðferð í öndunarvél og skapaði það mjög mikið álag á gjörgæsludeildum. Á tímabilinu 23. september – 16. desember voru 130 innlagdir vegna inflúensu og voru flestar innlagnirnar upp úr miðjum október. Á Sjúkrahús Akureyrar voru lagdir inn 25 einstaklingar vegna inflúensu, 10 einstaklingar á Selfossi og stöku tilfelli á önnur sjúkrahús. Heildarfjöldi innlagðra var um 180 manns. Sóttvarnalæknir kom til leiðar að aukið var við afkastagetu meðferðar í hjarta- og lungnavélum með kaupum á tveimur slíkum vélum ásamt öðrum nauðsynlegum búnaði.
 - Dauðsföll: Tveir einstaklingar 18 og 81 árs, báðir með undirliggjandi sjúkdóma, létust af völdum staðfestrar inflúensu A(H1N1)v 2009. Fleiri kunna þó að hafa látist af völdum inflúensunnar án þess að það hafi verið staðfest með veirugreiningu.

- **Símafundir.** Þann 28. ágúst var haldinn fyrsti símafundur sóttvarnalækna og lögreglustjóra um land allt og árið 2009 voru samtals haldnir 13 símafundir. Fundunum var stýrt frá Samhæfingarstöðinni í Reykjavík og þar sátu sóttvarnalæknir og hans starfsfólk ásamt fulltrúum almannavarnadeildar.
 - **Vikuskýrslur.** Meðan influensufaraldurinn stóð sem hæst voru gerðar vikulegar stöðuskýrslur og þær sendar til allra samstarfsaðila sóttvarnalækna og almannavarnadeildar. Frá 30. október – 20. nóvember voru gerðar fjórar vikuskýrslur.
 - **Aukin símaþjónusta.** Símaþjónusta 1770 var aukin og í viku 43 og 44 sátu fjórir hjúkrunarfræðingar fyrir svörum í stað eins. Samhæfingarstöðin var nýtt til símsvörunar og þar voru tveir hjúkrunarfræðingar við símaþjónustu. Símaþjónusta hjálparsíma Rauða krossins, 1717 var einnig aukin og fengu sjálfboðaliðar RKÍ fræðslu í almennri ráðgjöf vegna influensu.
 - **Aukin viðbúnaður á heilbrigðisstofnunum.** Landspítalinn hækkaði tímabundið viðbúnaðarstig sitt vegna hins mikla álags sem fylgdi innlögnum og einangrunaraðgerðum vegna bráðveikra einstaklinga og heilsugæslustöðvar hliðruðu verkefnum til að mæta aukinni þörf fyrir símaþjónustu.
 - **Dreifing á hjúkrunarvörum.** Starfsmenn sóttvarnalækna önnuðust afgreiðslu hlífðarbúnaðar (öndunargríma, sloppa, hanska o.fl.) úr birgðastöð sóttvarnalækna til sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva út um land og nutu við það aðstoðar björgunarsveita á höfuðborgarsvæðinu. Skipulagning og stjórnun dreifingar á nálum og sprautum til bólusetninga, sem dreift var á 53 stadi, var einnig í höndum starfsfólks sóttvarnalækna.
 - **Bólusetningar.** Undirbúningur og skipulagning bólusetninga var í höndum starfsfólks sóttvarnalækna og fyrir hans atbeina var gerð úttekt á geymsluaðstöðu og kæligetu á bóluefni á öllum heilsugæslustöðum. Í ljós kom að umbóta var þörf og voru keyptir nýir kælar þar sem nauðsyn krafði og komið á sívöktun hitastigs í skápunum til að tryggja rétta geymslu bóluefna. Fyrsti markhópur til bólusetninga voru heilbrigðisstarfsmenn og hófst bólusetning þessa hóps í 42. viku eða 15. október. Viku síðar hófst bólusetning skilgreindra öryggishópa (lögreglumanna, slökkviliðsmanna, áhafna Landhelgisgæslu, neyðarvarða 112 og hluta af félögum í björgunarsveitum). Þann 2. nóvember hófst bólusetning einstaklinga með skilgreinda undirliggjandi sjúkdóma og lykilstarfsmanna nauðsynlegra öryggisstofnana. Bólusetningar almennings hófust þann 23. nóvember.
- Þrátt fyrir að nokkrar tafir og breytingar hafi orðið á sendingum bóluefnisins hingað til lands þá hefur bólusetningin gengið vel hér á landi. Nokkrar tilkynningar um aukaverkanir hafa borist til Lyfjastofnunar en flestar þeirra eru vægar en ein telst alvarleg (ofnæmisviðbrögð) þar sem viðkomandi þurfti að leggjast inn á sjúkrahús.

Þann 31. desember höfðu 112.500 skammtar bóluefnist borist hingað til lands og 109.576 einstaklingar verið bólusettir samkvæmt bólusetningagrunni sóttvarnalæknis. Á næstu mánuðum er áformað að bóluefninu verði dreift á heilsugæslustöðvar á 2-3ja vikna fresti.

Heimildir:

Farsóttafréttir, 5. árg. 8.-9. tbl. Ágúst - september 2009

Farsóttafréttir, 5. árg. 10.-11. tbl. Október - nóvember 2009

Frá farsóttanefnd LSH, www.landspitali.is

Fréttabréf. Ríkislögreglustjórinn – almannavarnadeild, 3. árg. 3. tbl. September 2009

Fréttabréf. Ríkislögreglustjórinn – almannavarnadeild, 3. árg. 4. tbl. Desember 2009

Fréttatilkynningar frá sóttvarnalækni og almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, 8. júlí – 11. desember 2009

Fundargerðir samráðsfunda sóttvarnalækis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra, apríl – desember 2009

Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins, www.ecdc.eu

Stöðuskýrslur vikur 44 - 47, 30. október - 20. nóvember 2009. www.almannavarnadeild.is

12012010/Stýrihópur almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra og sóttvarnalækis

Íris Marelsdóttir